



Íslandspóstur ohf.
Þórhildur Ólöf Helgadóttir, framkvæmdarstjóri
Höfðabakki 9
110 Reykjavík

Reykjavík, 23. desember 2019

Málsnúmer: 2019120073

Málalykill: 13.2.2

Málefni: Gjaldskrár Íslandspósts ohf. innan alþjónustu

Með tölvupósti, dags. 16. september 2019, tilkynnti Íslandspóstur ohf. (hér eftir ÍSP) breytingar á verðskrá fyrirtækisins. Innsend gjaldskrá var sent inn í tvennu lagi:

- Verðskrá fyrir bréfaþóst innanlands.
- Verðskrá fyrir pakka innanlands.

Ný lög um pósthjónustu taka gildi þann 1. janúar 2020. Ein meginbreytingin sem varð með þeim lögum er að einkaréttur ríkisins sem ÍSP hefur farið með hefur verið afnuminn.

Með bráðabirgðaákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar (hér eftir PFS) nr. 29/2019 var ÍSP útnefndur með skyldu til að veita alþjónustu hér á landi.

Í V. kafla hinna nýju laga er fjallað um viðskiptaskilmála, gjaldskrár og bókhald alþjónustuveitanda.

Í 16. gr. laganna er fjallað um viðskiptaskilmála, í 17. gr. er fjallað um gjaldskrá alþjónustuveitanda og í 18. gr. um breytingar á gjaldskrá innan alþjónustu.

Í 1. -3. mgr. er kveðið á um þær grunnreglur sem gjaldskrá innan alþjónustu skal uppfylla:

„Gjöld fyrir alþjónustu skulu vera viðráðanleg fyrir notendur þannig að þeir geti notfært sér þjónustuna.

Gjaldskrá fyrir alþjónustu skal vera sú sama um allt land.

Gjaldskrár fyrir alþjónustu, þar á meðal gjaldskrár vegna erlendra póstsendinga, skulu taka mið af raunkostnaði við að veita þjónustuna að viðbættum hæfilegum hagnaði. Gjaldskrár skulu vera auðskiljanlegar og gæta skal jafnræðis og tryggja gagnsæi.“

Samkvæmt 4. mgr. 17. gr. er PFS heimilt að krefjast þess að alþjónustuveitandi geri grein fyrir kostnaðargrundvelli gjaldskrár fyrir þjónustu innan alþjónustu og í 6. mgr. er fjallað um mismunandi kostnaðargreiningaraðferðir sem heimilt er að grípa til af hálfu PFS.

Í 18. gr. er fjallað um breytingar á gjaldskrá innan alþjónustu, s.s. tilkynningarfresti o.fl.

Í 3. mgr. 18. gr. kemur eftirfarandi fram:

„Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að yfirfara útreikninga alþjónustuveitanda og getur eftir atvikum kveðið á um breytingar á tilkynntu verði ef útreikningar


alþjónustuveitanda eru ekki réttir eða gefa ekki tilefni til þeirrar hækkunar sem tilkynnt var. Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að samþykkja og/eða synja beiðni um gjaldskrárbreytingu að hluta eða í heild. Póst- og fjarskiptastofnun hefur 30 virka daga til að bregðast við tilkynningum um breytingu á gjaldskrá.

Að lokum kemur fram í 4. mgr. 18. gr. að breytingar á gjaldskrá innan alþjónustu ásamt rökstuðningi skulu birtar á vefsíðu Póst- og fjarskiptastofnunar.

Eins og getið er í upphafi bréfs PFS barst stofnuninni tilkynning um breytingar á gjaldskrá innan alþjónustu með tölvupósti þann 16. desember sl. Engin rökstuðningur hefur hins vegar borist frá ÍSP fyrir hinni tilkynntu gjaldskrá. Nauðsynlegt er að hann berist til að stofnuninni sé unnt að taka afstöðu til þeirra breytinga sem tilkynntar hafa verið, sbr. 3. mgr. 18. gr. laganna.

Með vísun til ofangreinds óskar PFS eftir því að ÍSP skili inn til stofnunarinnar rökstuðningi fyrir þeim breytingum sem gerðar voru á gjaldskrá fyrirtækisins innan alþjónustu. Þess er óskað að rökstuðningur taki bæði til „Bréfapósts innanlands“ sem og „Pakkar innanlands“ og hafi borist stofnuninni fyrir 3. janúar 2020.

Virðingarfyllst,



Friðrik Pétursson